



Ytra mat

Barnabær Blönduósi

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Sigrún Einarsdóttir
© Menntamálastofnun, 2019.
ISBN 978-9979-0-2381-4

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Leikskólinn	9
Starfsmenn	9
Húsnæði	9
Útileiksvæði	10
Hugmyndafræði og áherslur	10
Stjórnun	11
Stjórnskipulag og skipurit.	11
Námskrá og áætlanir	11
Stjórnun og starfsmenn	12
Fagleg forysta	13
Starfsandi og starfsánægja	14
Uppeldis- og menntastarf	15
Námsaðstæður	15
Starfshættir	16
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	16
Námssvið	17
Velferð og líðan barna.	18
Mat á námi og velferð barna	18
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	20
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	20
Viðhorf foreldra	20
Samstarf við grunnskóla	21
Annað samstarf	21
Skóli án aðgreiningar	22
Skólaþjónusta og sérkennsla	22
Börn með annað móðurmál en íslensku.	22
Innra mat	23
Skipulag og viðfangsefni	23
Gagnaöflun og vinnubrögð	23
Opinber birting og umbætur	23
Samantekt matsþátta.	24
Samantekt	25
Lokaorð	28
Heimildir.	29

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en ekki nefndar hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara. Með því að veita starfsmönnum leikskólans svigrúm til að afla sér menntunar í leikskólafræðum og leikskólaliðanámi leitast sveitarfélagið við að bæta stöðu leikskólans hvað þetta varðar. Leikskólinn tekur þátt í sameiginlegu þróunarverefni með leikskólum í Húnavatnssýslu og Strandabyggð um *Málþroska og læsi – Færni til framtíðar*, sem er liður í að styrkja þekkingu starfsmanna og auka faglegt starf leikskólans. Húsnæði leikskólans fullnægir ekki nema að hluta kröfum um leikskólahúsnæði og er mikilvægt að ráða bót á því. Útileiksvæði leikskólans er stórt og þar eru góð tækifæri til leikja en æskilegt væri að yfirfara það með tilliti til öryggis barnanna og gera viðeigandi ráðstafanir um lagfæringar. Einnig er æskilegt að skoða aðkomu leikskólans, bílastæði og stétt við inngang leikskólans. Umhverfi leikskólans býður upp á fjölbreytt tækifæri og ætti að nýta það betur til markvissrar þekkingarleitar.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Almenn ánægja er með stjórnun leikskólans og að mati þeirra sem rætt var við leggja stjórnendur áherslu á að eiga í góðum samskiptum við starfsmenn, börn og foreldra. Af hálfu stjórnenda er lögð áhersla á að öllum geti liði vel í vinnunni, starfsandi og skólabragur er almennt góður, þar ríkir virðing og reynt er að taka tillit til ólíkra sjónarmiða. Vinna er hafin við að innleiða verkefnið *Jákvæður agi* í þeim tilgangi að styrkja samvinnu hópsins og auka almennt lýðræði í leikskólastarfinu. Starfsmenn eru almennt ánægðir með upplýsingagjöf innan leikskólans. Starfsþróunarsamtöl eru tekin reglulega en vinna ætti markvissar með niðurstöður þeirra. Starfsmenn telja þekkingu sína og hæfni vel nýtt og hafa trú á gæðum leikskólastarfsins. Stjórnendur leikskólans hafa aðgang að faglegri ráðgjöf fræðslustjóra héraðsins og fleiri sérfræðingum. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri funda reglulega með öðrum leikskólastjórnendum í héraðinu. Námskrá leikskólans sem er frá árinu 2015 þarf að endurskoða, með aðkomu alls leikskólasamfélagsins, svo hún uppfylli kröfur aðalnámskrár og laga um leikskóla. Í leikskólanum hefur ekki verið gerð starfsáætlun fyrir skólaárið 2019-2020 en samkvæmt lögum og aðalnámskrá leikskóla skal gera starfsáætlun fyrir hvert skólaár. Leikskólinn þarf framvegis að uppfylla þessi skilyrði. Auka ætti upplýsingar um símenntunarfremboð og vinna símenntunaráætlun betur í samræmi við þarfir leikskólans og óskir starfsmanna

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Leikskólinn vinnur að þróunarverkefni með leikskólum í héraðinu og er markmið þess að samræma verkferla og vinnu tengda málörvun. Áherslur í vinnu leikskólans sýna að verið er að vinna samkvæmt þessum markmiðum með því meðal annars að hafa ritmál sýnilegt og bækur aðgengilegar á öllum deildum. Þrátt fyrir þröngt húsnæði er það vel nýtt og starfsmenn leggja sig fram um að eiga í jákvæðum samskiptum við börnin. Frjáls leikur fær gott rými í dagskipulaginu og börnin í leikskólanum eru glöð og áhugasöm. Lögð er áhersla á að hafa umhverfið rólegt og öruggt þar sem börnunum er sýnd umhyggja og virðing. Fáir faglærðir starfsmenn eru í leikskólanum og því mikilvægt að stjórnendur fylgist með og leiðbeini starfsmönnum varðandi uppeldisstarfið. Unnið er af nokkrum metnaði með læsi og heilbrigði og vellíðan, en leggja ætti aukna áherslu á skapandi starf og gera efnivið aðgengilegan. Leggja aukna áherslu á vinnu með sjálfbærni, vísindi og tónlist, bæta búnað og styrkja þekkingu starfsmanna til að sinna þessum þáttum starfsins. Efnivið leikskólans, sem er ósamstæður og í sumum tilfellum úr sér genginn, ætti að yfirfara, einfalda og huga að bestri mögulegri nýtingu hans. Leita þarf leiða til að meta betur framfarir barna með aðkomu starfsmanna, barna og foreldra.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi við leikskólann og styður það vel við leikskólastarfið. Foreldraráð hefur ekki sett sér starfsáætlun en ætti að gera það og birta á heimasíðu leikskólans. Foreldraráð fundar tvisvar til þrisvar á ári og les þá yfir fjárhagsáætlanir en einnig hefur það reynt að styðja við óskir leikskólustarfsmanna varðandi húsnæðismál. Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og vel er staðið að upplýsingagjöf til þeirra. Í leikskólanum er aðlögun nýrra barna vel skipulögð og móttökuáætlun er fyrir ólíka aldurs hópa og börn af erlendum uppruna. Foreldrar eru almennt ánægðir með upplýsingar frá leikskólanum og samskipti við stjórnendur og starfsmenn. Huga ætti að því að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum en íslensku. Gott samstarf er við grunnskóla, íþróttahús og bókasafn staðarins.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennslustjóri starfar í leikskólanum og myndað hefur verið nemendaráð sem er ráðgefandi fyrir leikskólann. Myndað er teymi kring um börn með skilgreindan stuðning í framhaldi af mati og gerð er einstaklingsáætlun. Áhersla er lögð á að stuðningur við börn fari sem mest fram í almennu leikskólastarfi en sérkennslustjóri sér um einstaklingsþjálfum og málörvun þegar þess er þörf. Sérkennslustjóri leiðbeinir og veitir starfsmönnum ráðgjöf varðandi börn með skilgreindan stuðning og þá þjónustu sem þeim er veitt, einnig eru starfsmenn ánægðir með almennt uppeldisstarf leikskólans. Æskilegt er að hafa skipulag sérkennslu skriflegt og skrá þá verkferla sem unnið er eftir ef upp kemur grunur um þroskafrávik. Tækifæri til úrbóta liggja í því að auka markvissa vinnu með börn sem eiga annað móðurmál, íslenskukennslu í daglegu starfi, móðurmál og heimamenningu barnanna.

Innra mat

Innra mat var ekki unnið í leikskólanum á síðasta ári og ekki er til áætlun um innra mat á þessu skólaári. Skipa þarf matsteymi með þátttöku stjórnenda og deildarstjóra, gera matsáætlun til nokkura ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir. Gera nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu. Allir hagsmunaaðilar, starfsmenn, foreldrar og börn, þurfa að hafa aðkomu að framkvæmd matsins og samræðu um þróun og umbætur. Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat þar sem dregnir eru fram styrkleikar og tækifæri til úrbóta. Síðan þarf að gera nákvæma umbótaáætlun þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Barnabæ á Blönduósi. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Sigrúnu Einarsdóttur og fór fram á vettvangi 15.–17. október 2019. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólabjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólabróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 26. september á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn dvöldu þrjú daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, starfsmenn, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra aðstoðarleikskólastjóra/sérkennslustjóra og aflað upplýsinga frá fræðslustjóra Austur-Húnavatnssýslu. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrir fram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

1 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

2 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

3 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn er fimm deilda leikskóli á Blönduósi. Hann var stofnaður árið 1972 og starfaði fyrst einungis yfir sumartímamann í húsnæði grunnskóla Blönduóss. Árið 1975 var honum breytt í heilsárs leikskóla og fluttist árið 1977 í eigið húsnæði að Árbraut 35. Árið 1981 fluttist leikskólinn í núverandi húsnæði að Hólabraut 17 og fékk nafnið Barnabær. Leikskólinn var í fyrstu tveggja deilda en byggt við hann árið 2007 og bætt við tveim deildum, starfsmannaáðstöðu og eldhúsi. Deildir leikskólans heita Mánasel, Þúfubær, Hólabær, Fjallabær og Stóri Fjallabær og eru allar aldurskiptar. Á Mánaseli eru yngstu börnin fædd árin 2018-2019, á Þúfubæ eru börn fædd 2017. Samvinna er milli þessara tveggja deilda. Á Hólabæ eru börn fædd árin 2016-2017, á Fjallabæ eru börn fædd árin 2015-2016 og á Stóra Fjallabæ eru elstu börnin fædd 2014.

Í leikskólanum dvelja 60 börn á aldrinum átta mánaða til sex ára, 32 stúlkur og 28 drengir. Þrjú börn eru með skilgreinda sérkennslu í leikskólanum. 15 börn eiga annað móðurmál en íslensku. Leikskólinn er opinn frá klukkan 7:45-16:15. Í samfélaginu hefur leikskólinn að, sögn fræðslustjóra og formanns fræðslunefndar, almennt gott orð á sér fyrir að koma vel til móts við mismunandi þarfir nemenda og almenn liðlegheit. Ekki hafa borist kvartanir vegna starfseminnar.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 23 starfsmenn í 20 stöðugildum, enginn karlmaður er starfandi í leikskólanum. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru í 100% starfshlutfalli en starfsskylda aðstoðarleikskólastjóra skiptist til helminga milli aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra. Báðir stjórnendur eru með leikskólakennararéttindi. Við leikskólann starfa fimm deildarstjórar, einn deildarstjóri er yfir tveim yngstu deildunum Mánaseli og Þúfubæ og tveir skipta með sér deildarstjórn á Fjallabæ. Deildarstjóri í hálfu starfi er með leikskólakennaramenntun, einn deildarstjóri er í námi í leikskólakennarafræðum, einn er leikskólaliði og tveir deildarstjórar eru leiðbeinendur. Verkefnastjóri fyrir *Málproski og læsi* stundar nám í leikskólakennarafræðum og fimm aðrir starfsmenn eru í leikskólaliðanámi, tveir af þeim eru í fæðingarorlofi, þessir starfsmenn fá svigrúm til að sækja námslotur án þess að laun þeirra skerðist.⁴ Aðrir starfsmenn eru leiðbeinendur án framhaldsmenntunar. Um 0,5% starfsmanna í starfi með börnum eru með leikskólakennaramenntun og uppfyllir leikskólinn því ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Fimm starfsmenn hafa unnið skemur en eitt ár í leikskólanum og að sögn leikskólastjóra hefur meðalaldur starfsmanna lækkað undanfarið ár. Að sögn fræðslustjóra hefur leikskólakennurum fækkað í Barnabæ síðastliðin þrjú ár og segir hann það brýnt verkefni að fjölga fagfólki í leikskólanum, árlega hefur verið auglýst eftir leikskólakennurum en án árangurs. Fræðslustjóri segir að þó ekki hafi tekist að ráða leikskólakennara hafi gengið vel að manna leikskólann með duglegum ófaglærðum starfsmönnum.⁵

Húsnæði

Húsnæði leikskólans hýsir sem fyrr segir fjórar deildir, tvær í hvorum enda leikskólans, en fimmta deildin er í húsi við Félagsheimilið skammt frá leikskólanum. Rými deilda eru tvær leikstofur þar sem gert er ráð fyrir að börnin leiki, matist og hvílist. Við allar deildir eru fataklefar og salernisaðstaða. Gengið er inn í leikskólann frá bílastæði á tveim stöðum í húsnæði yngri og eldri deilda. Í miðju hússins er salur, eldhús og aðstaða starfsmanna. Gangur gegnum miðsvæði hússins er á tveim stöðum, annars vegar um fataklefa, undirbúningsaðstöðu starfsmanna og kaffistofu, á þeim gangi er einnig aðstaða fyrir sérkennslu. Hinn gegnumgangurinn er um eldhús og sal sem ætlaður er til hreyfingar. Undir leikskólanum er kjallari sem áður var notaður fyrir vinnu með börnunum en er ekki í notkun í dag. Þröngur stigi liggur niður í kjallarann sem ekki er með fulla lofthæð og neyðarútgangur er um glugga út á leiksvæði. Skrifstofa er fyrir leikskólastjóra, undirbúningsaðstaða fyrir starfsmenn er á opnu svæði sem tengist gangi. Kaffistofa starfsmanna er í miðju hússins. Aðstaða fyrir sérkennslu er eins og áður segir á gangi framan við undirbúningsherbergi starfsmanna og stúkað af með lausum skilrúmum. Salur sem ætlaður er til hreyfingar er notaður sem matsalur fyrir elstu börnin á Stóra Fjallabæ en þau nýta hann einnig fyrir hvíld og leiki fram til kl. 14:00. Tvær deildir, Hólabær og Fjallabær, nýta salinn fyrir

4 Viðtal við leikskólastjóra.

5 Upplýsingar frá fræðslustjóra.

morgunverð og Eldhús leikskólans er ekki nýtt sem framleiðslueldhús en matur fyrir börn og starfsfólk er keyptur af veitingastaðnum B&S Restaurant. Aðstaða til hreyfileikja innanhúss er því takmörkuð.

Húsnæði leikskólans uppfyllir í meginatriðum lágmarksaðstöðu samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla hvað varðar umhverfi barna en þrengsli setja starfinu vissar skorður. Salur sem ætlaður er til hreyfingar er eins og áður hefur komið fram notaður sem matsalur, engin listaskáli er í leikskólanum. Engin aðstaða er fyrir minni fundi nema skrifstofa leikskólastjóra, undirbúningsaðstaða starfsmanna er ófullnægjandi þar sem hún er opin fram á gang og sögðu starfsmenn þetta valda stöðugri truflun og erfitt væri að einbeita sér að undirbúningsvinnu við þessar aðstæður. Aðstaða fyrir sérkennslu er óviðunandi þar sem hún er í miðrymi hússins sem er jafnframt gangur milli yngri og eldri deilda, kaffistofu starfsmanna, skrifstofu leikskólastjóra og eldhúss. Mikil óánægja kom fram hjá stjórnendum, starfsmönnum og foreldrum með húsnæðið og var þar nefndur skortur á: sérkennsluherbergi, aðstöðu fyrir fundi, fullnægjandi undirbúningsherbergi, listaskála og að salurinn nýttist ekki fyrir hreyfileiki. Einnig var óánægja hjá mörgum með þá ráðstöfun að hafa elstu börnin í húsi sem ekki tengist leikskólanum.⁶ Fram kom hjá rýnihópi foreldra að þrátt fyrir þröngt húsnæði séu starfsmenn að nýta það eins vel og kostur er.⁷ Í niðurstöðum foreldra-könnunar 1. apríl 2019 kemur fram að meirihluti foreldra, eða 90% sem svara, eru frekar ánægðir með húsnæði og aðstöðu leikskólans.⁸

Útileiksvæði

Útileiksvæði barnanna er stórt og sæmlega búið leiktækjum, leiksvæðið getur því boðið upp á fjölbreytt verkefni en þörf er á að yfirfara það með tilliti til öryggis barna. Lóðin stendur í halla en tröppur og rampur liggja frá leikskólanum niður að sjálfu leiksvæðinu. Leiktæki eru sandkassi, kastali sem þarfnast lagfæringar, rólur og rennibraut sem þarf að yfirfara bæði tækin og fallvarnir. Stór tréfallur er við yngstu deildirnar og gengt af honum út á leikskólalóð. Ekki er annað afgirt svæði á lóðinni fyrir yngstu börnin. Í viðtali við rýnihóp foreldra kom fram mikil óánægja með leikskólalóðina. Foreldrar töluðu um að leiktæki vantaði, lóðin væri hættuleg fyrir börnin í hálfu þar sem mikill bratti er í henni og af þeim sökum kæmust þau oft ekki út í marga daga yfir veturinn. Foreldrar töluðu einnig um að hitalögn vantaði í stétt við innganga leikskólans, þar myndast oft hálka sem verður erfið yfirferðar bæði fyrir gangandi og hjólastóla. Foreldrar nefndu einnig að bílastæði væri illa skipulagt.⁹ Í foreldra-könnun frá 1. apríl 2019 kemur fram að foreldrar telja að börnunum líði vel í útivist.¹⁰ Umhverfi leikskólans býður upp á margvísleg tækifæri til þekkingarleitar, ósnortin náttúra er í næsta nágrenni leikskólans, stutt er í fjöru, skógarlund og léttar fjallgöngur auk þess sem skrúðgarður bæjarins er skammt frá leikskólanum.

Hugmyndafræði og áherslur

Að sögn leikskólastjóra er skólanámskrá leikskólans frá árinu 2015 og er hún aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Í skólanámskránni segir að hugmyndafræði leikskólans byggir að hluta til á kenningum John Dewey, öll börn verði að framkvæma til að læra. Vitnað er beint í aðalnámskrá leikskóla þar sem segir að leikurinn sé hornsteinn leikskólastarfsins og að allt starf leikskólans eigi að byggist á leik. Þessar áherslur endurspeglast í einkunnarorðum leikskólans sem eru: *Leikur, gleði og virðing*.¹¹ Barnabær tekur þátt í verkefninu *Málþroski og læsi – Færni til framtíðar*, þróunarverkefni sem hefur það markmið að samræma verkferla og vinnu tengda málörvun og undirbúningi fyrir lestur ungra barna, auk þess er áhersla lögð á snemmtæka íhlutun.¹²

Deildarstjórar og starfsmenn þekktu stefnu leikskólans og einkunnarorð. Nefndu kenningar Dewey og að lögð væri áhersla á frjálstan leik í samræmi við kenningar hans. Báðir hópar þekktu einnig þróunarverkefnið *Málþroski og læsi*. Hins vegar kemur fram í starfsmannakönnun að lítil umræða fer fram um faglegt starf í leikskólanum.¹³ Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að áhersla á frjálstan leik væri að aukast frá því sem verið hefur. Foreldrar í rýnihópi þekktu ekki stefnu leikskólans eða einkunnarorð. Í foreldrakönnun Skólapúlsins sem framkvæmd var frá 1. mars–1. apríl 2019 svaraði tæpur helmingur foreldra spurningu um stefnu leikskólans og taldi meirihluti þeirra sig vera vel eða töluvert upplýsta um stefnuna.¹⁴

6 Viðtal við leikskólastjóra, sérkennslustjóra og rýnihópa deildarstjóra, starfsmanna og foreldra.

7 Rýnihópur foreldra.

8 Foreldrakönnun.

9 Rýnihópur foreldra.

10 Foreldrakönnun.

11 Skólanámskrá leikskólans.

12 Handbók.

13 Starfsmannakönnun.

14 Foreldrakönnun.

Styrkleikar

- Tveir starfsmenn leikskólans eru í fjarnámi í leikskólakennarafræðum og fimm eru í leikskóla-liðanámi. Sveitarfélagið veitir þessum starfsmönnum svigrúm til að sækja sér þessa menntun.
- Leikskólinn tekur þátt í sameiginlegu þróunarverkefni með leikskólum í Húnavatnssýslu og Strandabyggð um *Málproska og læsi – Færni til framtíðar*.
- Útileiksvæði leikskólans er stórt og þar eru í boði fjölbreytt viðfangsefni og miklir möguleikar til þekkingarleitar og skemmtunar.
- Umhverfi leikskólans býður upp á fjölbreytt tækifæri til útináms og þekkingarleitar með börnunum.
- Einkunnarorð leikskólans eru vel sýnileg á öllum deildum.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Brýnt er að leggja áherslu á að bæta húsnæði leikskólans bæði hvað varðar aðstöðu starfsmanna og rými fyrir börnin.
- Gera ætti úttekt á nýtingarmöguleikum útileiksvæðisins yfir allt árið, skoða fallvarnir og ástand á leikföngum og stígum og gera viðunandi úrbætur.
- Æskilegt er að skoða möguleika á að leggja hita í stétt við inngang leikskólans og auka öryggi barna og foreldra á bílastæði.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans er Blönduósbær. Á vegum bæjarins starfar fræðslunefnd skipuð fimm fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af sveitarstjórn. Nefndin fer með hlutverk skólanefndar, hefur umsjón með framkvæmd laga um leikskóla og eftirlit með starfsemi leikskólans.¹⁵ Fræðslunefnd fundar eftir þörfum og sitja skólastjórnendur fundi hennar þegar fjallað er um málefni leikskólans eða sameiginleg málefni leik- og grunnskóla. Á þeim fundum er meðal annars fjallað um starfsmannamál, farið yfir skóladagatal og niðurstöður kannana. Formaður fræðslunefndar er næsti yfirmaður leikskólans. Faglegur yfirmaður og ráðgjafi er fræðslustjóri Austur-Húnavatnssýslu. Að sögn leikskólastjóra er gott samstarf við fræðslunefnd og fræðslustjóra. Fræðslustjóri, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri halda mánaðarlega nemendaráðsfundi þar sem fjallað er um málefni einstakra barna og barnahópa. Fræðslustjóri kemur einnig í leikskólann til að ræða við yfirmenn um stjórnun og skipulag leikskólans og vegna málefna einstakra barna.¹⁶ Undanfarið hefur nefnd á vegum sveitarfélagsins unnið að endurskoðun skólastefnu Blönduósbæjar og sitja stjórnendur leik- og grunnskóla í þeirri nefnd. Vinnan við endurskoðun er langt komin og næstu skref verða að halda fundi með nærsamfélaginu, kynna drögin og fá foreldra, starfsmenn, börn og aðra bæjarbúa til að taka þátt í vinnunni. Stefnt er að því að skólastefnan verði tilbúin árið 2020.¹⁷

Námskrá og áætlanir

Eins og áður hefur komið fram er skólanámskrá leikskólans frá 2015 og þar er talað um að hugmyndafræði leikskólans sé sótt til John Dewey og starfað sé samkvæmt aðalnámskrá leikskóla. Í námskránni er vitnað beint í aðalnámskrá um námssvið leikskólans, þar segir einnig að leggja skuli áherslu á leikinn sem námsleið. Talað er um að starfshættir skulu mótast af umburðarlyndi, kærleika, jafnrétti og

15 Heimasíða Blönduóssbæjar.

16 Upplýsingar frá fræðslustjóra.

17 Upplýsingar frá fræðslustjóra.

18 Námskrá leikskólans.

lýðræðislegu samstarfi.¹⁸ Í námskránni er ekki gerð grein fyrir því hvernig vinna á að markmiðum aðalnámskrár, hvaða leiðir eigi að fara og hvernig staðið verði að mati. Leikskólanum hefur verið sett leiðarljós en ekki markmið eða leiðir að þeim. Í námskránni kemur ekki fram hvaða áherslur leikskólinn hefur í samskiptum við börn og foreldra. Námskráin uppfyllir því ekki þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá árinu 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Hluti af þróunarverkefninu *Málþroski og læsi – Færni til framtíðar* er skriflegur bæklingur sem inniheldur marga þá þætti sem gert er ráð fyrir að komi fram í skólanámskrá, bæklingurinn er í þessari skýrslu nefndur *Handbók*. Í leikskólanum hefur ekki verið gerð starfsáætlun fyrir skólaárið 2019-2020 en samkvæmt lögum um leikskóla og aðalnámskrá skal gera starfsáætlun fyrir hvert skólaár. Leikskólinn þarf framvegis að uppfylla þessi skilyrði.¹⁹

Starfsmannahandbók er í leikskólanum og aðgengileg á kaffistofu starfsmanna. Handbókin er kynnt fyrir nýjum starfsmönnum og starfsmenn eiga að þekkja efni hennar að sögn leikskólastjóra.²⁰ Öryggis- og rýmingaráætlun er ekki til í leikskólanum. Verklagsreglur um viðbrögð við slysum eru aðgengilegar og öll slys eru skráð. Starfsmenn fá árlega fræðslu um skyndihjálpu. Til er skrifleg áætlun um móttöku nýrra nemenda í leikskólanum. Áður en barn byrjar í leikskólanum eru foreldrar boðaðir bréflaga í viðtal þar sem farið er yfir aðlögunarferlið. Leikskólinn hefur sett sér eineltisáætlun og vinnuverndarstefnu. Áfallaráð er starfandi við leikskólann, öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður.²¹

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnun leikskólans er í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 um viðurkennda starfshætti. Leikskólastjóri hefur stýrt leikskólanum í 27 ár að undanskildu einu ári þegar hann var í leyfi. Núverandi aðstoðarleikskólastjóri hefur starfað í leikskólanum frá 2008 að undanskyldu einu ári þegar hann var í leyfi. Hann hefur starfað sem sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri frá árinu 2016. Verkaskipting stjórnenda er ekki skrifleg en starfsmenn sögðust meðvitaðir um hvernig þeir skipta með sér verkefnum. Í stjórnendateymi eru leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri auk deildarstjóra. Gert er ráð fyrir að fundað sé vikulega en ekki er formleg verkaskipting innan stjórnunarteymisins. Fundargerðir eru ritaðar á þessum fundum og eru þær aðgengilegar í möppu á kaffistofu starfsmanna. Deildarstjórar skipuleggja og leiða starfið á sínum deildum. Deildarfundir eru ekki settir upp á dagskipulagi leikskólans og ekki haldnir reglulega. Óreglulega eru þeir teknir í lok starfsmannafunda og þá oftast í tengslum við undirbúning foreldraviðtala. Öðru hvoru eru nýttar rólegri stundir til örfunda á deildum. Ef óskað er geta starfsmenn haldið deildarfundi utan vinnutíma og fengið greitt fyrir. Deildarstjórar sögðu skipulagsleysi um að kenna að deildarfundir væru ekki fastur liður í starfi deildanna.²²

Áætlun um skipulagsdaga er sett upp fyrir starfsárið og kemur fram á skóladagatali leikskólans. Skipulagsdagar eru fjórir og eru þeir nýttir til fræðslu og heimsóknna í aðra leikskóla. Starfsmannafundir eru ekki skráðir á skóladagatali en yfirleitt haldnir mánaðarlega, tvo tíma í senn, utan vinnutíma. Gert er ráð fyrir að deildarstjórar fái lögbundinn undirbúningstíma og starfsmenn á deildum fái einn til tvo tíma á viku til undirbúnings. Samkvæmt skipulagi leikskólans er það á ábyrgð deildarstjóra að skipuleggja undirbúningstímana þar sem hver deild er yfirmönnuð sem svarar afleysingu fyrir þessa tíma. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að misbrestur væri á þessari framkvæmd og þeir fá því ekki alltaf umsaminn undirbúningstíma. Fram kom að þeir væru sér meðvitaðir um ábyrgð sína og sáu þörf á að bæta þetta skipulag. Í starfsmannakönnun frá 1. apríl 2019 kom fram að meirihluti svarenda var frekar sammála þeirri fullyrðingu að þeir fái nægan undirbúningstíma, enginn svarenda var mjög ánægður.²³

Að mati starfsmanna er upplýsingaflæði frá yfirmönnum til starfsmanna að flestu leyti gott. Til er verklag um móttöku nýrra starfsmanna. Við ráðningu nýrra starfsmanna er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Allir nýir starfsmenn undirrita skjal um trúnað og aflað er leyfis til að fá upplýsingar úr sakavottorði. Stjórnendur taka sameiginlega ráðningarviðtal við umsækjendur og reynt er að gefa nýjum starfsmönnum aðlögunartíma á deild. Deildarstjórar taka eitt viðtal við nýja starfsmenn á reynslutíma og fara yfir skriflegan gátlista sem metur frammistöðu þeirra. Í starfsmannakönnun kemur fram að vel er tekið á móti nýjum starfsmönnum. Ekki er til skipurit fyrir leikskólann en til eru starfslýsingar fyrir alla starfsmenn.

19 Lög um leikskóla og aðalnámskrá.

20 Viðtal við leikskólastjóra.

21 Starfsmannahandbók. Viðtal við leikskólastjóra og rýnihóp deildarstjóra.

22 Rýnihópur deildarstjóra.

23 Starfsmannakönnun.

Fagleg forysta

Í viðtali sagðist leikskólastjóri vera opinn og sanngjarn stjórnandi, jákvæður og góður í samskiptum, tekur á málum sem upp koma og reynir að vera sýnilegur í leikskólanum. Hann leggur áherslu á að deildarstjórar beri ábyrgð á starfi innan deilda og eins og áður hefur komið fram er stöðugildi fyrir afleysingar hluti af starfshópi hvernar deildar. Leikskólastjóri sagðist reyna að hafa samskipti við starfsmenn opin og leggur áherslu á að fólkinu líði vel í vinnunni. Sagði að hópurinn væri að styrkja sig í að sýna skilning og virðingu fyrir einkennum og bakgrunni allra. Hafin er vinna við að innleiða Verkefnið Jákvæður agi í þeim tilgangi að styrkja hópinn í að vinna saman og auka lýðræði í samstarfinu út frá jákvæðum aga. Jákvæður agi er uppeldisstefna byggð á sjálfsstjórnarkenningum Alfred Adler, Rudolf Dreikurs, William Glasser, Jane Nelsen o.fl.²⁴ Félags- og skólaþjónusta A-Húnavatnssýslu hefur boðið stjórnendum ráðgjöf og fræðslustjóri leitast við að vera aðgengilegur fyrir stjórnendum. Blönduósbær hefur einnig boðið upp á handleiðslu hjá sérfræðingum utan sveitarfélagsins ef eftir hefur verið leitað. Áðurnefndir sameiginlegir fundir leikskólastjóra héraðsins eru einnig nýttir fyrir hóphandleiðslu.²⁵

Starfsmenn og foreldrar í rýnihópum sögðu að leikskólastjórinn væri sýnilegur og aðgengi að honum gott.²⁶ Börn í leikskólanum þekktu leikskólastjórann með nafni og sögðu að hann væri stundum með þeim í matartímum. Stundum er hann á skrifstofunni og skrifar á tölvuna sína, stundum út í garði og kemur stundum niður eftir þar sem elstu börnin eru. Stundum er hann að lesa og leika við þau og hann fái sér stundum kaffi án þess að spyrja.²⁷

Leikskólastjóri sagðist reyna að fara daglega inn á deildir til að sýna stuðning og fylgjast með starfinu. Margt ófaglært fólk hafi verið í leikskólanum síðastliðinn vetur og því hafi þurft að leggja áherslu á að leiðbeina og styrkja starfshópinn. Leikskólastjóri telur að sú vinna sé að skila sér.²⁸ Að sögn starfsmanna er auðvelt að leita eftir aðstoð og leiðbeiningu til leikskólastjóra og sérkennslustjóra.²⁹ Í starfsmannakönnun frá apríl 2019 kemur fram að meirihluti starfsmanna telur sig fá hvatningu og hrós frá yfirmönnum og að þeir beri traust til yfirmanna sinna.³⁰ Deildarstjórar sögðu að leikskólastjóri væri sýnilegur á deildum og fylgdist vel með því sem verið væri að gera, þekkti veikar og sterkar hliða starfsmanna og væri að bæta sig í að veita endurgjöf.³¹

Fram kom hjá sérkennslustjóra að hans hlutverk væri auk sérkennslu að leiðbeina starfsmönnum í sambandi við samskipti og hegðun barna en hann aðstoðaði einnig við úrlausn samskiptamála innan starfshópsins. Að sögn hans fylgdist leikskólastjóri með því sem fram fer á deildum og leiðbeinir starfsmönnum þegar við á.³² Aðspurðir sögðu deildarstjórar og starfsmenn í rýnihópum að helstu styrkleikar leikskólans væru gott samstarf.

Starfsþróunarsamtöl eru tvisvar á ári og flestir starfsmenn töldu þau gagnleg. Í viðtölunum er farið yfir hvernig starfsmönnum gengur að sinna starfinu og hvað þeir sjá framundan. Leikskólastjóri skráir hjá sér helstu niðurstöður. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri funda með leikskólastjórum í Húnavatnssýslu og Strandabyggð mánaðarlega. Á fundunum eru tekin fyrir erindi frá leikskólastjórum og fjallað um þau ásamt fagstarfi leikskólanna. Á þessum fundum er metin þörf leikskólanna varðandi símenntun og teknar ákvarðanir varðandi þróunarverkefni.

Starfsmenn þurfa yfirleitt að sækja endurmenntun út fyrir héraðið, til Reykjavíkur eða Akureyrar. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að upplýsingar um hvað væri í boði af námskeiðum væru ekki nægilega aðgengilegar og deildarstjórar sögðust því sjálfir þurfa að leita eftir upplýsingum um símenntunartilboð. Einnig töluðu þeir um að gott væri að vita hverjir væru sendir frá leikskólanum á námskeið hverju sinni. Deildarstjórar sögðu að öðru hvoru væri boðið upp á fræðslu fyrir alla starfsmenn á skipulagsdögum í leikskólanum og einn af þeim væri notaður til að heimsækja aðra leikskóla eins og áður hefur komið fram. Starfsmenn sögðust ekki vera hvattir til að sækja sér símenntun en stjórnendur tækju vel í óskirnar þó takmarka verði fjölda þeirra sem fara á hvert námskeið.³³ Leikskólastjóri gerir áætlun fyrir símenntun starfsmanna að hausti þar sem reynt er að taka mið af þörfum leikskólans. Í starfsmannakönnun kom fram að meirihlutinn taldi að starfsmenn miðluðu þekkingu sín á milli og að sögn starfsmanna í rýnihópi kynna þeir efni þeirrar fræðslu sem þeir sækja utan leikskólans á starfsmannafundum.

24 Gögn frá leikskólastjóra.

25 Upplýsingar frá fræðslustjóra.

26 Rýnihópar deildarstjóra, starfsmanna og foreldra.

27 Rýnihópur barna.

28 Viðtal við leikskólastjóra.

29 Rýnihópur starfsmanna.

30 Starfsmannakönnun.

31 Rýnihópur deildarstjóra.

32 Viðtal við sérkennslustjóra.

33 Rýnihópar starfsmanna og deildarstjóra.

Starfsandi og starfsánægja

Í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram að starfsandi og skólabragur væri góður. Starfshópurinn væri samhentur og innan hans ríkti virðing, tekið væri tillit til ólíkra sjónarmiða og lögð áhersla á að öllum liði vel í vinnunni. Niðurstöður úr starfsmannakönnun 2019 sýndu að meirihlutinn teldi að starfsandinn væri frekar góður. Starfsmenn í rýnihópum sögðu að gott væri að vinna í leikskólanum og aukin áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð væri að skila sér. Í niðurstöðum starfsmannakönnunar var meirihluti svarenda mjög eða frekar sammála því að samstarf á deildum væri gott. Við spurningunni um samstarf milli deilda voru flestir frekar sammála um að samstarfið væri gott og sama niðurstaða var úr spurningu um samstarf allra starfsmanna í leikskólanum. Fram kom í viðtölunum við stjórnendur og starfsmenn að þeim liði vel í starfi og töldu að hæfni þeirra nýtist vel. Niðurstöður úr starfsmannakönnun studdu þessar staðhæfingar þar sem meirihluti starfsmanna var mjög eða frekar sammála fullyrðingum eins og: Ánægja í starfi, hæfni nýtist vel, starfsmenn hafi frelsi til að taka sjálfstæðar ákvarðanir og þeir viti til hvers er ætlast af þeim.³⁴

Góður starfsandi, samheldni, virðing og hjálpsemi einkennir samstarfið að mati starfsmanna. Starfsmannahópurinn gerir ýmislegt saman til að efla starfsandann. Starfsmannafélag er í leikskólanum og skemmtinefnd. Fyrir jólin borðar hópurinn saman í leikskólanum, einn starfsdagur að vori er notaður til að heimsækja leikskóla í öðrum sveitarfélögum og hópurinn fer saman út að borða þann dag. Einn föstudag í mánuði er boðið upp á köku á kaffistofu leikskólans.

Styrkleikar

- Lögbundnar áætlanir fyrir viðbrögð við áföllum og forvörnum, verkferlar vegna slysa eru aðgengilegir og haldin er slysaskráning.
- Almenn ánægja er með stjórnun í leikskólanum og gott aðgengi er að stjórnendum. Stjórnendur leikskólans leggja áherslu á að eiga í góðum samskiptum við starfsmenn og börn.
- Starfsmannasamtöl eru tekin tvisvar á ári.
- Starfsmenn eru almennt ánægðir með upplýsingaflæði leikskólans.
- Starfsandi og skólabragur er góður, í leikskólanum ríkir virðing, tekið er tillit til ólíkra sjónarmiða, lögð áhersla á að öllum liði vel í vinnunni og leitast er við að styrkja samstöðu starfsmanna með ýmsu móti.
- Starfsmenn segja þekkingu sína og hæfni vel nýttu og hafa trú á gæðum leikskólastarfsins.
- Stjórnendur leikskólans eiga aðgang að faglegri ráðgjöf frá fræðslustjóra og utanaðkomandi ef óskað er eftir.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru í samstarfi við aðra leikskóla í héraðinu.
- Hafin er vinna við að styrkja starfshópin í að vinna betur saman og auka lýðræði í starfinu.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða þarf skólanámskrá frá 2015 með aðkomu alls leikskólasamfélagsins, starfsmanna, foreldra og barna. Skólanámskrá þarf að uppfylla kröfur aðalnámskrár frá 2011 og laga um leikskóla frá 2008 og setja þarf markmið fyrir leikskólann og leiðir að þeim. Margt af því efni sem fjallað er um í bæklingi fyrir þróunarverkefnið Málþroski og læsi er æskilegt að nýta við gerð nýrrar skólanámskrár.
- Leikskólinn skal árlega gera starfsáætlun í samræmi við lög um leikskóla og aðalnámskrá.
- Æskilegt er að nýta betur niðurstöður starfsþróunarsamtala meðal annars við val á símenntun fyrir starfsmenn og auka upplýsingar til starfsmanna um framboð á símenntun.
- Gera þarf öryggis- og rýmingaráætlun og hafa sýnilega á öllum deildum leikskólans.

34 Starfsmannakönnun.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Skipulag húsnæðis í Barnabæ gerir ráð fyrir að hægt sé að vinna að ólíkum viðfangsefnum og er húsnæðið vel nýtt að mati foreldra og matsmanna.³⁵ Yngri deildir hafa hvor um sig eina leikstofu og eru þær að hluta til samnýttar, til dæmis hvíla þau börn, sem ekki sofa í vögnum, öll í annarri stofunni. Á yngri deildum er gott rými fyrir frjálsa leiki barnanna og starfsmenn leggja áherslu á að þau hafi möguleika á að hreyfa sig frjálst um rýmið og rannsaka umhverfi sitt. Eldri deildirnar samstanda af tveim leikstofum, þar rúmast allar athafnir daglegs starfs, hádegismatur, hvíld, frjáls leikur, samverustundir og hópastarf. Stofurnar eru nokkuð þröngar en svæðið er allstaðar vel nýtt. Í húsnæði elstu barnanna eru nokkrar minni leikstofur sem bjóða upp á að skipta barnahópnum í minni hópa.

Frjáls leikur og val fær góðan tíma á öllum deildum og sjá mátti að börnin nutu sín vel í minni hópum. Gólfleikir eru ríkjandi, stórar litríkar mottur eru á hverri deild merktar bók- og tölustöfum, þær eru vel nýttar í gólfleikjum og afmarka um leið leiksvæðin. Áhersla er á frjálsan leik, efniviður er nokkuð fjölbreyttur og virtist vekja áhuga barnanna. Á yngri deildum sitja starfsmenn gjarnan á mottum nálægt börnum sem auðveldar þeim að taka þátt í leikjum og eiga samskipti við þau. Í annarri leikstofu yngri barna er stór sófi sem hluti barnanna getur þróað upp í eða setið í fangi starfsmanna, leikið og lesið.

Mismunur er á deildum hvað efnivið og leikefni varðar. Í aðalbyggingu er nokkuð fjölbreytt úrval af ósamstæðu leikefni, sem er þó margt úr sér gengið og þörf er á að yfirfara og endurskoða. Leikefnið höfðar að öllu jöfnu til barnanna og þau eiga yfirleitt auðvelt með að nálgast efniviðinn. Leikfangasafn er í skápum sem staðsettir eru í fataklefum eldri deilda en þangað fara börn og starfsmenn reglulega til að skipta út leikföngum. Matsmenn sáu að einingarkubbar voru staðsettir í sal og á litlu svæði á einni deild í leikskólanum, skoða mætti möguleika á að sameina einingakubbana á einum stað svo þeir nýttust betur. Salur er í miðju húsi og hafa eldri deildir í aðalbyggingu aðgang að salnum tvisvar í viku og yngri deildir einu sinni í viku. Af og til hittast allir, börn og starfsmenn í salnum og syngja saman.³⁶ Salurinn er eins og áður segir einnig nýttur fyrir morgunmat og síðdegishressingu eldri deilda en sá tími er skipulagður eftir svokölluðu „flæði“ þar sem börnin fara til skiptis að fá sér að borða á meðan önnur halda áfram leik sínum inni á deildum. Á vettvangi mátti sjá að rólegt andrúmsloft ríkti á þessum tímum og börnin voru einbeitt í leik. Á deild fyrir elstu börnin sem staðsett er nokkuð frá aðalbyggingu er leikefni fjölbreytt, krefjandi og við hæfi barnahópsins. Eins og áður hefur komið fram borða börnin á þeirri deild hádegismat í salnum, hvíla, lesa og leika fram til kl. 14:00. Á þeim tíma nýttist salurinn ekki fyrir börnin í aðalbyggingunni.

Dagskipulag er sýnilegt á öllum deildum og einnig myndrænt skipulag sem oftast er í augnhæð barna. Á hverri deild er uppsett vikuskema sem er aðgengilegt foreldrum og starfsmönnum, þar skrá starfsmenn þau viðfangsefni sem börnin vinna með alla daga vikunnar. Þessi vinna gefur foreldrum tækifæri til að fylgjast með verkefnum hvers dags og getur nýst starfsmönnum við að meta starfið. Daglega er samverustund á öllum deildum þar sem lesið er fyrir börnin, sungið og spjallað saman. Mismunandi er eftir deildum hversu oft í viku boðið er upp á hópastarf en á annarri yngri deildinni er málörvunarstund daglega. Matsmenn sáu að dagskipulag mætir þörfum allra barna og gott jafnvægi ríkir milli frjálsra leikja og skipulagðra athafna. Í rýnihóp deildarstjóra kom fram að dagskipulagið var endurmetið á síðasta ári og lögð áhersla á að gefa matmálstímum og frjálsum leik meiri tíma. Að mati deildarstjóra einkennist menning leikskólans í dag af minna stressi og lýstu þeir yfir ánægju og stolti með hversu vel hefur til tekist með breytingar í þá veru.³⁷ Aðgengi að námsgögnum fyrir sérkennslu er í sameiginlegu rými starfsmanna í miðju húsi sem er um leið undirbúningsherbergi og aðstaða fyrir sérkennslu.³⁸

Útileiksvæði leikskólans er stórt og býður upp á fjölbreytt viðfangsefni, auk þess sem umhverfi leikskólans gefur möguleika til náttúruskoðunar, útináms og gönguferða. Að sögn deildarstjóra er útinám ekki með markvissum hætti en oft farið í göngu- og vettvangsferðir. Matsmenn sáu að öll börnin nutu útiverunnar, voru áhugasöm og virk, og starfsmenn voru nálægt börnunum í leik á útileiksvæðinu, höfðu yfirsýn og gættu öryggis þeirra.

35 Rýnihópur foreldra.

36 Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

37 Rýnihópur deildarstjóra.

38 Viðtal við stjórnendur, rýnihópur deildarstjóra og rýnihópur starfsmanna.

Starfshættir

Stjórnendur ásamt deildarstjórum sjá um að skipuleggja uppeldis- og menntastarfið í leikskólanum og stjórnendur setja upp gróft deildarskipulag fyrir allar deildir sem er svo útfært eftir aldri barnanna á hverri deild. Eins og komið hefur fram er meirihluti starfsmanna leikskólans ófaglærðir og reynir því á leiðsögn stjórnenda við að byggja upp uppeldisstarfið. Í haust var ákveðið að samræma starfið á deildum og fara af stað með þemað, *Ég og umhverfið*. Það er verkefni sem áður hefur verið unnið með í leikskólanum og var ákveðið að taka það upp aftur á þessu skólaári.³⁹ Vinnan við þemað er komin af stað og á vettvangi mátti sjá starfsmenn fylgja því eftir bæði í hópastarfi og öðrum tímum dagsins. Þessa vinnu mætti þróa og aðlaga betur að námssviðum aðalnámskrár og leggja meiri áherslu á frumkvæði barnanna til að hafa áhrif á verkefnið hverju sinni.

Samstarf og samábyrgð starfsmanna var sýnileg á deildum og á milli deilda þá daga sem matsmenn voru á vettvangi. Meðal þess sem deildarstjórar nefndu er samhjálp milli deilda og í rýnihópi starfsmanna kom fram að samstarf á deildum væri gott og sögðu þeir auðvelt að leita ráða hjá stjórnendum og samstarfsmönnum. Starfsmenn sögðust hafa frelsi til að koma með hugmyndir, hlustað væri á þá og tekið tillit til hugmynda þeirra. Umhyggja einkennir framkomu starfsmanna við börnin og almennt leggja þeir sig fram um að eiga jákvæð samskipti við þau. Starfsmenn voru nálægt börnum í leik, aðstoðuðu þau og leystu úr ágreiningi á yfirvegaðan hátt. Að hluta til mátti sjá virka hlustun og hvatningu starfsmanna sem mætti þó auka og samræma betur.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í skólanámskrá er lítillega minnst á lýðræði í leikskólanum án þess að gerð sé grein fyrir markmiðum og leiðum eða hvernig á að vinna með það í daglegu starfi. Í *Handbók* er fjallað á almennan hátt um lýðræði með því að tala um að börnin ættu að taka virkan þátt í ákvarðanatöku og mótun leikskólastarfsins. Einnig er þar talað um að virkja lýðræði innan leikskólans með því að börnin hafi val um leiksvæði, efnivið og geti haft áhrif á matseðil.⁴⁰ Þessum hugmyndum hefur ekki verið fylgt nægilega vel eftir en deildarstjórar sögðu að lýðræðisleg þátttaka barna væri að aukast með því til dæmis að þau tækju meiri þátt í vali. Börnin hefðu val um leiksvæði og að hluta til um leikefni, einnig hafi eldri börnin val um að fara í útiveru eða leika sér inni. Að sögn starfsmanns á yngri deildum er ákveðinn sveigjanleiki í útiveru, komið er til móts við börnin ef þau vilja vera lengur úti eða koma fyrr inn. Deildarstjórar í rýnihóp tóku fram að ef barn kemur með hugmynd þá er hún gripin og reynt að fylgja henni eftir. Þeir vísuðu þar í Könnunaraðferðina sem unnið var með síðastliðinn vetur en er ekki unnið markvisst með á þessu skólaári. Á vettvangi mátti sjá að virðing einkennir samskipti starfsmanna og barna og jafnræði ríkir innan barnahópsins. Komið er til móts við börnin þegar þau vilja skipta um viðfangsefni og eins og áður hefur komið fram er sjálfsprottum leik gefið gott svigrúm. Matsmenn urðu vitni að virkri hlustun og samtölum í matmálstímum á sumum deildum en gott væri að samræma þennan þátt á öllum deildum.

Börnin eru ekki þátttakendur í stærri ákvarðanatöku og hafa ekki raunveruleg áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda.⁴¹ Í vettvangsathugun var sýnilegt að börnin voru að hluta til hvött til sjálfbjargar, meðal annars við að klæða sig úr og í fyrir og eftir útivist, en matmálstímar voru ekki jafn vel nýttir t.d. voru börnin ekki hvött til að skammta sér matinn sjálf. Hlutverk barnanna við undirbúning matmálstíma er að sækja matarvagninn og leggja á borð. Fram kom hjá deildarstjórum að börnin eru ekki þátttakendur í að búa til reglur. Notaðar eru svokallaðar *Bínu-reglur*, sem börnin þekktu ekki, en starfsmenn hafa sett upp á deildum og nota í samverustundum.⁴² Útireglur eru sýnilegar í fataklefa. Aðspurð um reglur nefndu börnin að það mætti ekki hlaupa inni eða klifra efst upp í kastalann. Þegar þau voru spurð hver hefði búið til þessa reglu gátu þau sér þess til að það hefði verið leikskólastjórin.⁴³

39 Viðtal við leikskólastjóra.

40 Handbók.

41 Rýnihópur deildarstjóra.

42 Bínu reglur.

43 Rýnihópur barna.

Námssvið

Í skólanámskrá frá 2015 er ekki gerð viðunandi grein fyrir hvernig vinna á að hverju námssviði fyrir sig. Unnið er með læsi með því að leggja áherslu á lestrarhvetjandi umhverfi og þátttöku leikskólans í þróunarverkefninu *Málþroski og læsi – Færni til framtíðar* en markmið verkefnisins er eins og áður hefur komið fram, að samræma verkferla og vinnu tengda málörvun og undirbúning fyrir lestur ungra barna. Fram kom í viðtali við leikskólastjóra að töluverðar starfsmannabreytingar urðu síðastliðið haust og því sé verið að skerpa áherslu á nýjan leik með því að ráða verkefnastjóra innan leikskólans sem hefur umsjón með þróunarverkefninu. Einnig hefur verið skipað í málefnaþróun í kringum verkefnið.⁴⁴ Á öllum deildum er ritmál vel sýnilegt og oftast í hæð barna. Stór og sýnileg veggspjöld með stafrófinu eru á öllum deildum utan einnar. Tölustafir og myndrænt dagskipulag, einnig myndrænar reglur um handþvott og val á útifötum eftir veðri. Mottur með bók- og tölustöfum og stórar klukkur eru á hverri deild. Dagatal með nöfnum barnanna sem eru þjónar þann daginn er í augnhæð barnanna. TMT (tákn með tali) var einna helst að sjá á yngstu deildinni. Þá mátti sjá að borð, stólar, gluggar og rúður voru merktar með bókstöfum. Efni er tengist ljóðum og hreyfileikjum er að finna í gögnum leikskólans og tengist þemaverkefni vetrarins *Ég og umhverfið* en vinna með þulur og ævintýri var ekki sýnileg á deildum eða í gögnum leikskólans. Bækur eru aðgengilegar börnum á öllum deildum og að sögn starfsmanna er skipt reglulega um þær. Bókasafn leikskólans er staðsett í salnum. Eins og áður hefur komið fram er í samverustundum lesið og sungið og bókum er flett með yngstu börnunum við fleiri tækifæri. Í rýnihóp elstu barnanna kom fram að þau geta alltaf valið sér bækur og nefndu einnig að þau fari á bókasafnið að sækja bækur. Unnið er reglulega með *Lubbi finnur málbein* með elstu börnunum og gögn um verkefnið eru sýnileg veggjum deildarinnar, ekki er unnið með verkefnið á öðrum deildum leikskólans. Engar upplýsingar eru um *Lubba* í skólanámskrá leikskólans en hann nefndur í *Handbók*.⁴⁵

Vinna með heilbrigði og vellíðan barna birtist einna helst í jákvæðum samskiptum, daglegri útiveru, frjálsum leik og reglulegum vettvangsferðum elstu barnanna. Aðrar deildir fara ekki reglulega í vettvangsferðir að sögn starfsmanna. Tveir elstu aldurshópar í leikskólanum fara einu sinni í viku í íþróttahús grunnskólans þar sem íþróttakennari skólans tekur á móti þeim og vinnur með þeim ásamt starfsmönnum leikskólans í skipulögðum leikjum og æfingum. Útileiksvæði barnanna er stórt og býður upp á fjölmörg tækifæri til hreyfileikja. Deildarstjórar í rýnihóp sögðust vera meðvitaðir um að það vanti markvissari hreyfingu og vilja bæta það. Á vettvangi mátti sjá starfsmenn leggja sig fram um að styðja við samskipti barna. Matsmenn sáu glöð, örugg og áhugsöm börn við ýmis viðfangsefni úti og inni. Börn í rýnihópi sögðu að það væri gaman í leikskólanum.⁴⁶

Leiðir til kynnast fjölbreytileika náttúrunnar, tengjast henni og njóta er helst gert með því að fara í vettvangsferðir til að kynnast umhverfi sínu, veðri og árstíðarskiptum. Í vettvangsferðum er farið í fjöruna, Fagrahvamm sem er garður skammt frá leikskólanum, í trjálund fyrir ofan leikskólann og víðar að sögn deildarstjóra. Fyrst og fremst eru það elstu börnin sem fara í þessar skipulögðu vettvangsferðir.

Þess er getið í skólanámskrá að endurvinnsla sé mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og að börnin taki þátt í að flokka og endurvinnna. Unnið sé með verðlaust efni í listsköpun og börnum kennt að endurnýta á fjölbreyttan hátt.⁴⁷ Matsmenn sáu starfsmenn flokka pappír á deildum en urðu að öðru leyti ekki varir við að markvisst væri unnið að flokkun í leikskólanum utan að matarafgöngum er safnað og þeir gefnir til svínabónða. Börnin virtust ekki vera þátttakendur að öðru en að flokka matarafganga.

Vinna með sjálfbærni og vísindi er lítið sýnileg í leikskólanum og leikefni sem ýtir undir stærðfræði, vísindastarf og rannsóknir er ekki áberandi. Kubbar eru á deildum, tölustafir á veggjum og á mottu á elstu deild.

Listsköpun fer fram á hverri deild en aðgengi barna að efnivið er takmarkað og fátt var af verkum eftir börnin þar sem lögð er áhersla á frjálsa sköpun fremur en afurðina.

Vinna með tónlist fer helst fram í samverustundum þegar börn og starfsmenn syngja saman og eins og áður hefur verið sagt frá er söngstund í salnum með öllum börnunum þegar vel stendur á. Deildarstjórar í rýnihóp voru sammála um að auka mætti vægi tónlistar í leikskólanum.⁴⁸ Hljóðfæri eru ekki sýnileg í leikskólanum.

44 Viðtal við leikskólastjóra.

45 Heimasíða Barnabæjar.

46 Rýnihópur barna.

47 Skólanámskrá leikskólans.

48 Viðtal við leikskólastjóra.

Aðspurðir sögðu deildarstjórar að ekki væri unnið marvisst með menningu eða heimamenningu barna.⁴⁹

Velferð og líðan barna

Í vettvangsathugun sáu matsmenn að andrúmsloft á öllum deildum er eins og áður hefur komið fram rólegt og einkennist af umhyggju og jákvæðu viðmóti. Almennt eru starfsmenn nálægt börnum í leik, við borð og á gólfi eða í dyragætt og fylgjast með. Flestir starfsmenn á yngstu deild sátu á dýnum nálægt börnunum til að veita þeim öryggi og sinntu líkamlegum þörfum þeirra af alúð og umhyggju. Starfsmenn á öllum deildum áttu yfirleitt í góðum samskiptum og hjálpuðu börnunum að leysa úr deilum á rólegan og yfirvegaðan hátt ef með þurfti. Á vettvangi mátti í flestum tilfellum sjá örugg og áhugasöm börn. Á elstu deild sáu matsmenn áberandi glöð, sjálfsörugg og félagslega sterk börn. Í rýnihóp sögðu þau að þeim líði vel, kennararnir væru skemmtilegir, gæfu þeim að borða, læsu fyrir þau, færu með þeim á bókasafnið og spiluðu við þau. Þegar þau voru spurð hvað væri skemmtilegt að gera töldu þau af áhuga upp fjölmörg viðfangsefni eins og: dúkkó, leika á nýju mottunum með búninga, fönðurborðið, fara í bílana, í einingakubba, í fótbolta, syngja, læra um Lubba, fara í heimsókn í skólann og læra svolítið, úti að leika og svo var gaman í hópastarfi.⁵⁰ Þau sýndu matsmönnum deildina sína stolt og kynntu áhugaverð verkefni og leiksvæði. Foreldrar í rýnihópi sögðu að börnunum líði vel, þau vilji fara í leikskólann á morgnana og nefndu einnig sýnilega væntumþykju starfsmanna til barnanna.⁵¹

Mat á námi og velferð barna

Mat á námi barna er unnið með skipulögðum hætti. Notað er skimunartækið Hljóm-2 sem kannar hljóð- og málvitund elstu barnanna og er lagt fyrir árlega. TRAS (n: Tidig registrering af spráguþveikling) er notaður til að fylgjast með máltöku barna. Orðaskil er málproskapróf sem kannar orðaforða, beygingarkerfi og setningagerð og Gerd Strand er huglægur matslisti sem metur: gróf- og fínhyfingar, hegðun, mál- og tal, virkni, samskipti og þekkingu fjöggra ára barna.⁵¹ Niðurstöður eru teknar saman fyrir foreldrafundi en áður er farið yfir niðurstöður á deildarfundum þar sem allir starfsmenn taka þátt.⁵² Foreldrar sögðust fá upplýsingar um framfarir barna sinna í foreldraviðtölum sem eru einu sinni á ári, það væru almennar upplýsingar um barnið ásamt niðurstöðu úr málproskaprófinu TRAS.⁵³ Ekki fara fram uppeldislegar skráningar og börnin taka ekki þátt í að meta nám sitt eða setja sér markmið. Fram kemur hjá deildarstjórum að ekki sé markvisst leitað eftir röddum barna.⁵⁴

Styrkleikar

- Möguleikar húsnaðis til náms og leikja eru vel nýttir.
- Samstarf og samábyrgð starfsmanna er sýnileg í leikskólanum og starfsmenn leggja sig fram um að eiga jákvæð samskipti við börnin.
- Unnið er með læsi í samræmi við samstarfsverkefni *Málproski og læsi – Færni til framtíðar*. Ritmál er í hæð barna og bækur aðgengilegar öllum börnum.
- Börnin eru glöð og áhugasöm og þeim finnst gaman að koma í leikskólann. Elstu börnin eru jákvæð, sjálfsörugg og félagslega sterk.
- Andrúmsloft á deildum er rólegt og einkennist af umhyggju og virðingu.
- Viðurkennd matstæki eru notuð við skimun á námi og framförum barna.

49 Rýnihópur deildarstjóra.

50 Rýnihópur barna.

51 Skólanámskrá leikskólans.

52 Rýnihópur starfsmanna.

53 Rýnihópur foreldra.

54 Rýnihópur deildarstjóra.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að auka leiðbeiningu fyrir ófaglærða starfsmenn varðandi uppeldisstarfið.
- Leggja þarf aukna áherslu á þátttöku og ákvarðanatöku barna í leikskólastarfinu.
- Æskilegt væri að yfirfara og meta leikefni og efnivið leikskólans, endurnýja, einfalda og huga að betri nýtingu leikefnis til dæmis einingarkubba.
- Skoða mætti möguleika á að taka aftur upp vinnu með Könnunaraðferðina.
- Leggja ætti aukna áherslu á skapandi starf með börnunum og gera efnivið aðgengilegan, auka búnað og tæki til vísindastarfa og styrkja þekkingu starfsmanna til að sinna þessum þáttum starfsins.
- Leggja ætti áherslu á að vinna markvisst með sjálfbærni svo sem flokkun, náttúruskoðun og útinám.
- Leita þarf leiða til að meta nám og framfarir barna með aðkomu starfsmanna og foreldra.
- Leita leiða til að gefa börnum tækifæri til að meta nám sitt og setja sér markmið.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Pátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann. Þrír fulltrúar sitja í ráðinu og kosið er í stjórn þess að hausti ár hvert. Þeir sem gefa kost á sér í stjórn eru yfirleitt sjálfkjörnir. Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra fundar foreldraráð tvisvar á ári og situr hann fundina, boðar þá og skráir fundargerðir.⁵⁵ Að sögn foreldra er hlutverk foreldraráðs að lesa yfir fjárhagsáætlanir og skólanámskrá með leikskólastjóra og styðja við óskir leikskólustarfsmanna varðandi húsnæðismál. Á heimasíðu leikskólans er að finna upplýsingar um fulltrúa í stjórn foreldraráðs, lög og fundargerðir. Foreldraráð hefur ekki sett sér starfsáætlun.

Foreldrafélag er einnig starfandi við leikskólann. Aðspurðir sögðu foreldrar að helstu verkefni félagsins væru að styrkja leikskólann meðal annars með kaupum á leikföngum, fjármagna útskriftagjafir og sjá um jólaskemmtun. Stjórn foreldrafélagsins tekur einnig þátt í að skipuleggja sumarskemmtun í leikskólanum. Nánari upplýsingar um foreldrafélagið tilgang þess og markmið ásamt fundargerðum má finna á heimasíðu leikskólans. Síðustu fundargerðir foreldrafélagsins eru frá því í september 2017.

Foreldrar í rýnihóp voru ánægðir með upplýsingar frá leikskólanum. Leikskólastjóri og deildarstjóri nota mest tölvupóst sem upplýsingaveitu, upplýsingatöflur eru við allar deildir og einnig eru upplýsingar á heimasíðu leikskólans sem foreldrar sögðust þó ekki nota mikið. Aðgengi að starfsmönnum á deildum er gott og ábendingum er vel tekið. Foreldrar sögðust fá góðar upplýsingar um það sem verið er að gera í leikskólanum og hvað sé framundan í starfinu. Á heimasíðu leikskólans er ekki að finna hagnýtar upplýsingar á öðrum tungumálum en íslensku. Foreldrar kannast ekki við að vera hvattir sérstaklega til að taka þátt, koma í heimsókn eða að fylgjast með leikskólustarfinu. Leikskólinn hefur ekki sett sér markmið um foreldrasamstarf en í *Handbók* á heimasíðu eru upplýsingar um þennan þátt í starfi leikskólans. Í leikskólanum er til móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum í þrem hlutum, einn fyrir börn af erlendum uppruna, annar fyrir yngstu börnin og þriðji fyrir eldri börn. Móttökuáætlun er að finna á heimasíðu í *Handbók*.⁵⁶ Leikskólinn nýtir sér tulkabjónustu í gegnum síma og að fengnu leyfi foreldra er leitað til pólskumælandi íbúa á Blönduósi. Einnig er leitað til verkefnastjóra flóttamanna eða starfsmanna leikskólans sem tala viðkomandi tungumál, en aldrei án samþykkis foreldra.⁵⁷

Viðhorf foreldra

Foreldrar í rýnihóp gátu ekki nefnt stefnu leikskólans eða einkunnarorð en nefndu áherslu á læsi. Þeir voru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og starfsmenn hans. Aðgengi að leikskólastjóra væri gott og auðvelt að ná sambandi við hann. Fram kom að síðustu ár hafi verið sveiflukennd, mikil hreyfing á starfsmönnum og stundum erfitt fyrir börnin að koma í leikskólann en staðan í dag væri miklu betri, starfið gangi vel og þeir hældu starfsmönnum og sögðu þá leggja sig fram í starfinu.

Foreldrar sögðu að gott væri að koma með börnin í leikskólann. Þeir töluðu um að vel væri haldið utan um þau og voru almennt ánægðir með viðmót starfsmanna, sögðu að starfsmannabreytingar hafi ekki komið niður á börnum eða foreldrum. Aðspurðir um húsnæði og aðbúnað barna og starfsmanna sögðu þeir að húsnæðið væri löngu sprungið og að nauðsynlegt væri að stækka leikskólann. Ennfremur nefndu foreldrar að bæta mætti leikfangakostinn. Þeir nefndu sérstaklega kjallarann undir húsinu og sögðust helst vilja láta loka honum, vilja ekki að börnin noti hann eins og hann er í dag. Tekið skal fram að kjallarinn hefur ekki verið nýttur fyrir börn undanfarið. Í rýnihópnum var einnig rætt um aðstöðu elstu barnanna og flestir voru sammála um að æskilegra væri að vera með hús fyrir þau nær leikskólanum.⁵⁸ Ábendingar foreldra í rýnihópnum eru að mestu leyti í samræmi við niðurstöður úr foreldrakönnun Gegnis frá 2019.⁵⁹

55 Viðtal við leikskólastjóra.

56 Heimasíða Barnabæjar.

57 Viðtal við sérkennslustjóra.

58 Rýnihópur foreldra.

59 Foreldrakönnun.

Samstarf við grunnskóla

Formlegt samstarf er við grunnskólann og unnið er eftir skipulagi sem finnst í *Handbók* á heimasíðu leikskólans. Þeir sem koma að samstarfinu eru starfsmenn á elstu deild leikskólans, umsjónakennari fyrsta bekkjar, íþróttakennari Blönduskóla og starfsmaður bókasafns. Deildarstjóri leikskólans og umsjónakennari grunnskólans hittast á þriggja vikna fresti, fara yfir stöðuna og ákveða verkefni næstu vikna. Heimsóknir leikskólabarna í grunnskólann eru 24 sinnum á skólaárinu, 12 sinnum fyrir áramót og 12 sinnum eftir áramót. Listi með hugmyndum að leikjum og verkefnum eru tilgreind í áðurnefndri *Handbók*.⁶⁰

Annað samstarf

Samstarf er við bókasafn Blönduósbæjar en þangað fara elstu börnin reglulega og fá lánaðar bækur. Eins og áður hefur komið fram er leikskólinn í reglulegu samstarfi við íþróttahús grunnskólans þar sem tveir elstu árgangar fara vikulega.

Börnin hafa óreglulega heimsótt eldri borgara á Heilbrigðisstofnun Norðurlands, sungið og spilað með þeim. Á vorin fara elstu börnin í útskriftarferð með leikskólanum Steinakoti á Húnavöllum og gista eina nótt. Stöku sinnum eru farnar vettvangsferðir í fyrirtæki.⁶¹ Eins og áður hefur komið fram funda leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri Barnabæjar reglulega með fræðslustjóra og leikskólastjórum í Húnaþingi vestra og Strandabyggð um málefni tengd leikskólunum.⁶²

Styrkleikar

- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi við leikskólann.
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og vel er staðið að upplýsingagjöf til þeirra.
- Vel er staðið að aðlögun nýrra barna og móttökuáætlun er fyrir ólíka aldurshópa og börn af erlendum uppruna.
- Formlegt samstarf er við grunnskólann og áætlun um það birt í *Handbók*.
- Reglulegar heimsóknir eru á bókasafn bæjarins og í íþróttahús grunnskólans.

Tækifæri til umbóta

- Samkvæmt reglum skal foreldraráð vinna starfsáætlun fyrir hvert ár og birta á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt er að kynna stefnu og áherslur leikskólans betur fyrir foreldrum.

60 Heimasíða leikskólans.

61 Rýnihópur deildarstjóra.

62 Viðtal við leikskólastjóra.

Skóli án aðgreiningar

Skólalþjónusta og sérkennsla

Í leikskólanum starfar sérkennslustjóri í 50% starfshlutfalli og hefur hann yfirumsjón með sérkennslu skólans. Í viðtali segir hann að hlutverk sitt sé að sjá um frumgreiningar, skimanir og vinna einstaklingsáætlanir. Hann miðlar upplýsingum til starfsmanna um þarfir og þjálfun einstakra barna, kynnr einstaklingsnámskrá, markmið, leiðir og vinnuaðferðir.

Sérkennslustjóri er til taks og leiðbeinir starfsmönnum um starfsaðferðir, viðbrögð við erfiðri hegðun og samskiptum barna. Á deildarfundum fer hann yfir helstu atriði varðandi einstök börn og leiðbeinir starfsmönnum varðandi vinnu með þau. Fram kom hjá sérkennslustjóra að hann sækir reglulega endurmenntun í fötlunarfræðum. Starfsmenn fá fræðslu um fötlun þeirra barna sem dvelja í leikskólanum en auk sérkennslustjóra koma fræðslustjóri, iðjuþjálfari, sálfræðingur, sjúkráþjálfari og talmeinafræðingur að fræðslu varðandi einstök verkefni. Sérkennslan fer að mestu fram inni á deildum en auk þess tekur sérkennslustjóri börn í einstaklingsþjálfun eftir því sem með þarf. Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku fá einstaklingsþjálfun í málörvun vikulega.

Sérkennslustjóri er tengiliður og sér um upplýsingar milli leikskólans og þeirra aðila er málið varðar. Hann situr teymisfundi og boðar foreldra á fundi. Í umsjónarteymum vegna einstakra barna sitja fræðslustjóri, sérkennslustjóri, foreldrar og sá starfsmaður sem er þjálfari barnsins. Sálfræðingur og talmeinafræðingur, sem þjónusta skólana, starfa sem verktakar og eru staðsettir á Akureyri og í Reykjavík. Leikskólinn er einnig í samstarfi við *Tröppu* varðandi talkennslu.⁶³ Ekki er til skriflegur ferill um viðbrögð við grun um frávík en ef grunur vaknar um frávík hjá barni er farið eftir ákveðnu óskráðu ferli.⁶⁴ Sérkennslustjóri og leikskólastjóri sjá um að skipuleggja sérkennsluna. Í rýnihóp forelda kom fram ánægja með sérkennsluna og þann stuðning sem börnin fá. Foreldrar sérkennslubarna fá upplýsingar um hvernig unnið er með barnið og allar niðurstöður úr könnunum.⁶⁵ Í *Handbók* er fjallað um snemmtæka íhlutun og matsaðferðir sem leikskólinn styðst við.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Í vetur eru 15 börn í leikskólanum með annað móðurmál en íslensku. Ekki hefur verið mótuð stefna en í áðurnefndri *Handbók* eru upplýsingar um móttöku og aðlögun barna með annað móðurmál en íslensku.⁶⁶ Myndrænt skipulag er á hverri deild en matsmenn sáu ekki að markvisst væri unnið með dagskipulagið eða í öðrum þáttum daglegs lífs með börn með annað móðurmál. Ekki er unnið markvisst með fjölbreytileika barnahópsins og heimamenningu hvers barns.⁶⁷

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir þau börn sem njóta sérkennslu.
- Sérkennslustjóri leiðbeinir og veitir starfsmönnum ráðgjöf varðandi sérkennslubörn og almennt uppeldisstarf.
- Foreldrar eru ánægðir með þá þjónustu sem börnum þeirra er veitt.
- Myndrænt skipulag er á öllum deildum fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf skriflegan verkferil ef upp kemur grunur um frávík hjá barni.
- Auka þarf markvissa málörvun barna með annað tungumál en íslensku í daglegu starfi.
- Æskilegt væri að auka vinnu með fjölmenningu, tungumál og heimamenningu allra barna jafnt íslenskumælandi sem og barna sem eiga annað móðurmál en íslensku.
- Hafa ætti upplýsingar á heimasíðu leikskólans á fleiri tungumálum.

63 Trappa.

64 Viðtal við sérkennslustjóra.

65 Rýnihópur foreldra.

66 Heimasíða leikskólans.

67 Rýnihópur deildarstjóra.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Ekki er starfandi matsteymi í leikskólanum. Í gögnum leikskólans eru engar upplýsingar um innra mat, skipulag og viðfangsefni, matsaðferðir og umbætur.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Í gögnum leikskólans er ekki greint frá gagnaöflun eða vinnubrögðum. Í viðtali við leikskólastjóra kemur fram að niðurstöður úr Skólapúlssi séu eina formlega matið sem fram fer í leikskólanum.⁶⁸ Skráning á verkefnum dagsins er sem áður hefur verið minnst á, mætti nota sem gögn fyrir innra mat. Engar upplýsingar þar að lútandi eru um niðurstöður í gögnum leikskólans.

Opinber birting og umbætur

Í skólanámskrá kemur ekki fram hvernig staðið er að mati, matsaðferðum eða umbótum. Starfsáætlun var ekki unnin skólaárið 2018-2019.⁶⁹

Tækifæri til umbóta

- Skipa þarf matsteymi með þátttöku allra deilda og hagsmunaaðila.
- Gera matsáætlun til nokkura ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera þarf nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Afla fjölbreyttra gagna frá öllum hagsmunahópum og gæta þess að allir hópar hafi aðkomu að skipulagningu matsins og samræðu um þróun og umbætur.
- Leita skal leiða til að ná fram sjónarmiðum barna í innra mati.
- Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregnir eru fram helstu styrkleikar og tækifæri til umbóta og birta á heimasíðu.
- Gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til úrbóta þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða þarf að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

68 Viðtal við leikskólastjóra.

69 Heimasíða leikskólans.

Samantekt matsþátta

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = **Grænt** – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = **Ljósgrænt** – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = **Gult** – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = **Rautt** – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi Barnabæjar: Leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektafólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Tveir starfsmenn leikskólans eru í fjarnámi í leikskólakennarafræðum og fimm eru í leikskóla-líðanámi. Sveitarfélagið veitir þessum starfsmönnum svigrúm til að sækja sér þessa menntun.
- Leikskólinn tekur þátt í sameiginlegu þróunarverefni með leikskólum í Húnavatnssýslu og Strandabyggð um *Málþroska og læsi – Færni til framtíðar*.
- Útileiksvæði leikskólans er stórt og þar eru í boði fjölbreytt viðfangsefni og miklir möguleikar eru til þekkingarleitar og skemmtunar í nágrenni leikskólans.
- Umhverfi leikskólans býður upp á fjölbreytt tækifæri til til útináms og þekkingarleitar með börnunum.
- Lögbundnar áætlanir fyrir viðbrögð við áföllum og forvörnum, verkferlar vegna slysa eru aðgengilegir og haldin er slysaskráning.
- Almenn ánægja er með stjórnun í leikskólanum og gott aðgengi er að stjórnendum. Stjórnendur leikskólans leggja áherslu á að eiga í góðum samskiptum við starfsmenn og börn.
- Starfsmannasamtöl eru tekin tvisvar á ári.
- Starfsmenn eru almennt ánægðir með upplýsingaflæði leikskólans.
- Starfsandi og skólabragur er góður, í leikskólanum ríkir virðing, tekið er tillit til ólíkra sjónarmiða, lögð áhersla á að öllum liði vel í vinnunni og leitast er við að styrkja samstöðu starfsmanna með ýmsu móti.
- Starfsmenn segja þekkingu sína og hæfni vel nýttu og hafa trú á gæðum leikskólastarfsins.
- Stjórnendur leikskólans eiga aðgang að faglegri ráðgjöf frá fræðslustjóra og utanaðkomandi ef óskað er eftir.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru í samstarfi við aðra leikskóla í héraðinu.
- Hafin er vinna við að styrkja starfshópin í að vinna betur saman og auka lýðræði í starfinu.
- Möguleikar húsnæðis til náms og leikja eru vel nýttir.
- Samstarf og samábyrgð starfsmanna er sýnileg í leikskólanum og starfsmenn leggja sig fram um að eiga jákvæð samskipti við börnin.
- Einkunnarorð leikskólans eru vel sýnileg á öllum deildum.
- Unnið er með læsi í samræmi við samstarfsverkefnið *Málþroski og læsi – Færni til framtíðar*. Ritmál er í hæð barna og bækur aðgengilegar öllum börnum.
- Börnin eru glöð og áhugasöm og þeim finnst gaman að koma í leikskólann. Elstu börnin eru jákvæð, sjálfsörugg og félagslega sterk.
- Andrúmsloft á deildum er rólegt og einkennist af umhyggju og virðingu.

- Viðurkennd matstæki eru notuð við skimun á námi og framförum barna.
- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi við leikskólann.
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og vel er staðið að upplýsingagjöf til þeirra.
- Vel er staðið að aðlögun nýrra barna og móttökuáætlun er fyrir ólíka aldurshópa og börn af erlendum uppruna.
- Formlegt samstarf er við grunnskólann og áætlun um það birt í *Handbók*.
- Reglulegar heimsóknir eru á bókasafn bæjarins og í íþróttahús grunnskólans.
- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir þau börn sem njóta sérkennslu.
- Sérkennslustjóri leiðbeinir og veitir starfsmönnum ráðgjöf varðandi sérkennslubörn og almennt uppeldisstarf.
- Foreldrar eru ánægðir með þá þjónustu sem börnum þeirra er veitt.
- Myndrænt skipulag er á öllum deildum fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Brýnt er að leggja áherslu á að bæta húsnæði leikskólans bæði hvað varðar aðstöðu starfsmanna og rými fyrir börnin.
- Gera ætti úttekt á nýtingarmöguleikum útileiksvæðisins yfir allt árið, skoða fallvarnir, og ástand á leikföngum og stígum og gera viðunandi úrbætur.
- Æskilegt er að skoða möguleika á að leggja hita í stétt við inngang leikskólans og auka öryggi barna og foreldra á bílastæði.
- Endurskoða þarf skólanámskrá frá 2015 með aðkomu alls leikskólasamfélagsins, starfsmanna, foreldra og barna. Skólanámskrá þarf að uppfylla kröfur aðalnámskrár frá 2011 og laga um leikskóla frá 2008 og setja þarf markmið fyrir leikskólann og leiðir að þeim. Margt af því efni sem fjallað er um í bæklingi fyrir þróunarverkefnið *Málþroski og læsi* er æskilegt að nýta við gerð nýrrar skólanámskrár.
- Leikskólinn skal árlega gera starfsáætlun í samræmi við lög um leikskóla og aðalnámskrá.
- Æskilegt er að nýta betur niðurstöður starfsþróunarsamtala meðal annars við val á símenntun fyrir starfsmenn og auka upplýsingar til starfsmanna um framboð á símenntun.
- Gera þarf öryggis- og rýmingaráætlun og hafa sýnilega á öllum deildum leikskólans.
- Æskilegt er að auka leiðbeiningu fyrir ófaglærða starfsmenn varðandi uppeldisstarfið.
- Leggja þarf aukna áherslu á þátttöku og ákvarðanatöku barna í leikskólastarfinu.
- Æskilegt væri að yfirfara og meta leikefni og efnivið leikskólans, endurnýja, einfalda og huga að betri nýtingu leikefnis til dæmis einingarkubba.
- Skoða mætti möguleika á að taka aftur upp vinnu með Könnunaraðferðina.
- Leggja ætti aukna áherslu á skapandi starf með börnunum og gera efnivið aðgengilegan, auka búnað og tæki til vísindastarfa og styrkja þekkingu starfsmanna til að sinna þessum þáttum starfsins.

- Leggja ætti áherslu á að vinna markvisst með sjálfbærni svo sem flokkun, náttúruskoðun og útinám.
- Leita þarf leiða til að meta nám og framfarir barna með aðkomu starfsmanna og foreldra.
- Leita leiða til að gefa börnum tækifæri til að meta nám sitt og setja sér markmið.
- Samkvæmt reglum skal foreldraráð vinna starfsáætlun fyrir hvert ár og birta á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt er að kynna stefnu og áherslur leikskólans betur fyrir foreldrum.
- Gera þarf skriflegan verkferil ef upp kemur grunur um frávik hjá barni.
- Auka þarf markvissa málörvun barna með annað tungumál en íslensku í daglegu starfi.
- Æskilegt væri að auka vinnu með fjölmenningu, tungumál og heimamenningu allra barna jafnt íslenskumælandi sem og barna sem eiga annað móðurmál en íslensku.
- Hafa ætti upplýsingar á heimasíðu leikskólans á fleiri tungumálum.
- Skipa þarf matsteymi með þátttöku allra deilda og hagsmunaaðila.
- Gera matsáætlun til nokkura ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera þarf nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Afla fjölbreyttra gagna frá öllum hagsmunahópum og gæta þess að allir hópar hafi aðkomu að skipulagningu matsins og samræðu um þróun og umbætur.
- Leita skal leiða til að ná fram sjónarmiðum barna í innra mati.
- Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregnir eru fram helstu styrkleikar og helstu tækifæri til umbóta og birta á heimasíðu.
- Gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til úrbóta þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða þarf að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Leikskólanum Barnabæ leiðir í ljós að miðað við aðstæður eru starfsmenn að skila all góðu leikskólastarfi. Almennt er ánægja með samskipti við stjórnendur sem leggja áherslu á að öllum líði vel í leikskólanum. Stjórnendur njóta handleiðslu frá fræðslustjóra héraðsins og utanaðkomandi ef þörf krefur. Starfsandinn er góður og starfsmenn sögðust stoltir af starfinu og töldu þekkingu sína vel nýttu. Leikskólinn er í góðu samstarfi við grunnskólann, íþróttahúsið og bókasafnið. Foreldrar eru almennt ánægðir með starfsemi leikskólans og samskipti við stjórnendur og starfsmenn en lýsa yfir áhyggjum af öryggi barna á útleiksvæði og taka undir kvartanir starfsmanna varðandi húsnæði leikskólans sem uppfyllir ekki að öllu leyti kröfur um leikskólahúsnæði. Skólanámskrá leikskólans er frá 2015 og þarf að endurskoða hana svo hún samræmist aðalnámskrá leikskóla frá 2011, lögum um leikskóla frá 2008 og nýrri skólastefnu Blönduósbæjar sem er í vinnslu. Leikskólinn þarf að vinna starfsáætlun fyrir hvert skólaár. Markvisst þarf að vinna innra mat leikskólans, gera áætlun til lengri og skemmri tíma, skrifa greinargerð og vinna umbótaáætlun út frá niðurstöðum.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Foreldrakönnun; Skólapúlsinn apríl 2019. Gögn frá leikskólastjóra.

Fræðslustjóri Austur Húnavatnssýslu. Skriflegar upplýsingar og símtal.

Heimasíða Blönduóssbæjar – fræðslunefnd. Aðgengilegt á heimasíðu bæjarins á slóðinni <https://www.blonduos.is/is/stjornsysla/stjornskipulag/nefndir-og-rad/fraedslunefnd>

Leikskóladagatal. Aðgengilegt á heimasíðu leikskólans á slóðinni <http://barnabaer.leikskolinn.is/Skola-starfid/Skoladagatal>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Málþroski og læsi – Færni til framtíðar. Handbókin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans á slóðinni <http://barnabaer.leikskolinn.is/barnabær/handbók.pdf>

Skólanámskrá leikskólans. Skólanámskráin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans á slóðinni <http://barnabaer.leikskolinn.is/Skolastarfid/Skolanamskra>

Starfsmannahandbók. Gögn frá leikskólastjóra.

Starfsmannakönnun; Skólapúlsinn apríl 2019. Gögn frá leikskólastjóra.

Trappa. Aðgengilegt á heimasíðu fyrirtækisins á slóðinni <https://trappa.is>

Viðtöl:

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra/sérkennslustjóra.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

